



## Aðildarfélög KSÍ

Reykjavík, 22. febrúar 2008.

**Varðar: Hlutverk landshlutafulltrúa í stjórn KSÍ – fundir með aðildarfélögum**

Á fundi sínum þann 17. janúar sl. samþykkti stjórn KSÍ að skipuleggja betur störf landshlutafulltrúa sambandsins þannig að þeir verði í nánari sambandi við aðildarfélögin.

Meðal þess sem felst í þessari samþykkt er að landshlutafulltrúar stjórna nú útbreiðslustarfi KSÍ á sínu landssvæði og stefnt skal að því að þeir sækji aðalfundi eða stjórnarfundi hjá aðildarfélögum á viðkomandi svæði. Aðildarfélögum KSÍ er því bent á að hafa samband við sinn landshlutafulltrúa ef áhugi er fyrir því að hann sækji aðalfund eða stjórnarfund félagsins.

Fyrir upphaf Íslandsmóts er jafnframt ætlunin að landshlutafulltrúar boði til fundar á sínu landssvæði með fulltrúum aðildarfélaga og KSÍ þar sem farið verði yfir helstu mál sem snerta félögin fyrir keppnistímabilið. Ákveðnir hafa verið eftirfarandi fundarstaðir og fundartímar en nánari upplýsingar verða sendar út þegar nær dregur og getur fundartími tekið breytingum:

Reyðarfirði	Miðvikudaginn 16. apríl kl. 17.00	Hótel Reyðarfjörður
Selfoss	Fimmtudaginn 17. apríl kl. 17.00	Tíbrá
Borgarnes	Föstudaginn 18. apríl kl. 17.00	Hótel Hamar
Akureyri	Laugardaginn 19. apríl kl. 14.00	Hótel KEA

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan eða landshlutafulltrúa viðkomandi svæðis.

### Landshlutafulltrúar stjórnar KSÍ:

Norðurland	Björn Friðþjófsson	<a href="mailto:bjorn@treverk.is">bjorn@treverk.is</a>
Suðurland	Einar Friðþjófsson	<a href="mailto:einarf@ismennt.is">einarf@ismennt.is</a>
Austurland	Guðmundur Ingvason	<a href="mailto:saebakki@simnet.is">saebakki@simnet.is</a>
Vesturland	Jakob Skúlason	<a href="mailto:jaksku@rarik.is">jaksku@rarik.is</a>

Virðingarfyllt,  
f. h. Knattspyrnusambands Íslands,

Þórir Hákonarson,  
framkvæmdarstjóri

